Námsáætlun 1. bekkur

Smáraskóli

Íslenska

Tímar á viku: 8

Kennsluaðferðir og skipulag.

Leiðir: Lestur, hlustunarleikir (athygli og einbeiting), rím og rímleikir, greina orð og setningar, samstöfur (klappa fjölda atkvæða í orðum) hljóðgreiningu, fínhreyfinga þjálfun og skriftaræfingar eftir forskrift. Lesskilningur og hlustunarskilningur.

Lögð verður áhersla á markvissa málörvun og lestrarkennslan unnin eftir hljóðaaðferð. Að jafnaði verða kenndir tveir til þrír stafir (hljóð) á viku. Unnið verður með lesturinn á fjölbreyttan hátt, þannig að nemendur upplifi námið m.a. í gegnum leiki og spil. Mikilvægt er að nemendur lesi að minnsta kosti fimm sinnum heima í viku. Reynt verður eftir fremsta megni að láta nemendur lesa þrisvar til fjórum sinnum í skólanum.

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
Nemendur geta: **Talað mál hlustun og áhorf.** - tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu, - átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi, **Lestur, lesskilningur og bókmenntir.** - beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa	Lykilhugtök eins og stafir, hljóð, orð og setning, atkvæði og rím. hljóðkerfisvitund málþroski heyrnrænt skammtímaminni uppbyggingu málsins, hljóða, orða og málsgreina.	Lestrarlandið vinnubók 1 og 2. Markviss málörvun í leik og starfi. Léttlestrarbækur og alls kyns	Stafakönnun að hausti. Raddlestrarpróf í janúar og maí og lesskilnings- og hlustunarskilningspróf í maí. Hljóð-/framburðarmat hjá talkennara að hausti.

þannig að lestur verður lipur og skýr, - nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi, - tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess, **Ritun** - dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, - samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð **Málfræði** - þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, - raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.	Tjáning Stafdráttur og ritun á ýmsa vegu	bækur og textar við hæfi hvers og eins nemenda. Stafablöð og skriftarbækur.	Nánara yfirlit yfir mat kemur fram í námslotum í Mentor.

Grunnþættir menntunar.

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi:	Nemendur læra, stafi og hljóð, lesa og vinna með alls kyns texta.

Námsáætlun 1. bekkur

Smáraskóli

Sjálfbærni:	Nemendur læra um endurvinnslu,
Heilbrigði og velferð:	Nemendur fá tækifæri til þess að vinna á sínum hraða verkefni við hæfi og efla með því sjálfsmynd sína. Áhersla er á hollt og gott mataræði og hreyfingu.
Lýðræði og mannréttindi:	Nemendur læra að taka meiri ábyrgð á eigin námi og hafa val um ákveðna námsþætti og efnistök.
Jafnrétti:	Nemendur vinna saman í hópum og læra að virða skoðanir og sjónarmið annara.
Sköpun:	Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem sköpun er fyrirrúmi, s.s. gerð myndverka og veggspjalda, semja sögur og ýmsa texta.